Morgunblaðið

Útgefandi Árvakur, Reykjavík
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórar Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson.
Aðstoðarritstjóri Björn Bjarnason.
Fulltrúar ritstjóra Þorbjörn Guðmundsson, Björn Jóhannsson, Árni Jörgensen.
Fréttastjórar Freysteinn Jóhannsson, Magnús Finnsson, Sigtryggur Sigtryggsson, Ágúst Ingi Jónsson.
Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson.

Ritstjórn og skrifstofur: Aðalstræti 6, sími 10100. Auglýsingar: Aðalstræti 6, sími 22480. Afgreiðsla: Kringlan 1, sími 83033. Áskriftargjald 450 kr. á mánuði innanlands. Í lausasölu 40 kr. eintakið.

Derwinsky kemur ekki

Lausn á Rainbow-málinu svonefnda sýnist ekki í sjónmáli. Til marks um það eru boðin, sem Matthías Á. Mathiesen, utanríkisráðherra, sendi Edward Derwinsky, sérlegum fulltrúa Bandaríkjastjórnar, þess efnis, að hann skyldi hætta við fyrirhugaða ferð sína hingað til lands. Ætlunin var, að hinn háttsetti starfsmaður bandaríska utanríkisráðuneytisins dveldist hér í þessari viku og ræddi við utanríkisráðherra og embættismenn um Rainbow-málið. Bandaríkjastjórn hefur mistekist það, sem hún ætlaði sér eftir síðustu viðræður Derwinskys við íslenska ráðamenn hér á landi, að fá sett lögbann á siglingar skipa félagsins Rainbow Navigation. Síðan 1984 hefur félagið haldið uppi sjóflutningum fyrir varnarliðið í skjóli bandarískra einokunarlaga frá 1904. Dómstólar í Bandaríkjunum hafa lýst þessi lög í fullu gildi og að þau verndi Rainbow Navigation.

Stefna íslenskra stjórnvalda hefur verið sú að leita samninga um lausn. Opinberlega hefur ekki verið horfið frá þeirri stefnu, þrátt fyrir kröfur ýmissa, þ.á m. alþingismanna, um að sett verði íslensk löggjöf, er hindri ferðir skipa Rainbow Navigation svo framarlega, sem íslensk skipafélög njóti ekki jafnréttis gagnvart bandarískum viðskiptavinum. Í skýrslu um utanríkismál, sem Matthías Á. Mathiesen lagði fram á þingi nýlega, er stefna íslenskra stjórnvalda ítrekuð með þessum orðum: „Krafa Íslendinga í þessu máli, sem fylgt hefur verið fast eftir, hefur byggst á fullu jafnræði beggja landa hvað varðar flutning á varningi varnarliðsins til og frá Íslandi. Það er skoðun mín, að Íslendingar hafi sýnt mikla biðlund í þessu máli. Ég hef gert bandarískum stjórnvöldum grein fyrir því, að sú biðlund sé senn á þrotum og lausn verði að finnast án tafar."

Vegna fyrirhugaðrar farar Derwinskys hingað til lands var efnt til langra og strangra funda í þeim bandarísku stjórnarstofnunum, sem fjalla um mál af þessu tagi. Er ekki vafi á því, að tilgangurinn með þeim fundum hefur verið sá að ná samkomulagi um eitthvert úrræði, er unnt yrði að semja um við okkur. Þegar utanríkisráðherra Íslands afþakkar síðan heimsókn hins bandaríska stjórnarerindreka, verður að meta þá afstöðu þannig, að íslenskum stjórnvöldum hafi orðið ljóst, að Bandaríkjamenn hefðu ekkert nýtt til málanna að leggja, þrátt fyrir stífa fundi.

Þessi ákvörðun Matthíasar Á. Mathiesen ætti enn að sýna Bandaríkjastjórn fram á það, að Íslendingar vænta lausnar á þessu máli; þeir láta ekki bjóða sér upp á frekari viðræður án niðurstöðu.

Einokunarsiglingar Rainbow Navigation brjóta gegn þeim hugmyndum, sem eiga að gilda í samskiptum samaðila að Atlantshafsbandalaginu, þar sem ríkin starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Varnarsamningurinn er gerður með vísan til stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins en ekki úreltra, bandarískra einokunarlaga. Þá er fráleitt, að fyrir tilstilli þeirrar bandarísku stjórnarstofnunar, sem falið hefur verið að sinna hinni samningsbundnu skyldu að verja Ísland, flotans, skuli stuðlað að því að ferðum íslenskra skipa á milli Norður-Ameríku og Íslands sé stofnað í hættu. Aðför að þessum þætti í siglingum Íslendinga er jafnframt röskun á öryggishagsmunum okkar.

Málið er enn í höndum bandarískra stjórnvalda. Hingað til hefur það ekki dregið að sér sérstaka athygli erlendra fjölmiðla. Þess sjást hins vegar merki, að þeir, sem fjalla um öryggismál á norðurslóðum veita deilunni vaxandi athygli. Það er vonandi ekki vilji Bandaríkjastjórnar, að vanmáttur hennar gagnvart úreltum einokunarlögum verði til þess að vekja enn einu sinni upp þann gamla draug á síðum erlendra blaða, að brestur sé í varnarsamtarfi vinaþjóða í viðkvæmum heimshluta.

Stjórnarkreppa í Noregi

Norska stjórnarskráin bannar þingrof og nýjar kosningar, þegar eins stendur á og nú eftir að Kåre Willoch, leiðtogi Hægriflokksins, hefur sagt af sér fyrir sig og stjórn sína. Undir forsæti Willochs hefur stjórn borgaraflokka setið í fjögur og hálft ár. Stjórnin marði ekki að fá hreinan meirihluta í kosningunum sl. haust en hefur orðið að styðjast við atkvæði tveggja þingmanna Framfaraflokksins, sem eru lengst til hægri á Stórþinginu. Sagði Willoch af sér frekar en semja við þann flokk um framgang efnahagsmála, nú þegar töluverður vandi sækir að Norðmönnum vegna lækkunar olíuverðs.

Eðlilegt er, að Gro Harlem Brundtland, formaður Verkamannaflokksins, reyni að mynda stjórn við þessar aðstæður. Löng stjórnarkreppa í Noregi við núverandi aðstæður gerir illt verra í efnahagsmálum. Mjótt er á munum milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Á meðan Verkamannaflokknum tekst ekki að höggva skarð í raðir borgaraflokkanna, er hætt við að þrástaða verði í Stórþinginu.

Íslenskt mál

Umsjónarmaður Gísli Jónsson **335. þáttur**

Oft hef ég verið spurður um merkingu mannanafna og uppruna. Þetta á einkum við nöfn af erlendum toga, þau sem náð hafa einhverri fótfestu í íslensku. Sjálfsagt er að gera sér grein fyrir þessu og skal það nú reynt, þótt margt sé óljóst í mannanafnafræðum. Fer hér á eftir nokkur nafnaskrá með skýringum. Helstu heimildir mínar eru **Personnavne** eftir próf. Assar Janzén, **Websters Dictionary** og **Oxford Dictionary of English Christian Names.**

★

Agnes, komið úr grísku, merkir, „hrein, óflekkuð".

Alma, komið úr latínu og merkir „hin blíða".

Anna, úr hebresku (Hannah), merkir náð, miskunn, gjarna þýtt á ensku með **grace.** Óteljandi afbrigði eru til af nafninu erlendis, þar á meðal **Nancy** og **Anita** (= Anna litla).

Díana, grísk-latneskt, var veiði- og mánagyðja.

Dóróthea(-þea), komið úr grísku, táknar „gjöf Guðs". Svo er sagt að fyrir löngu hafi lítil stúlka kallað brúðuna sína Dórótheu, en gengið illa að bera það fram, og úr varð **Dollý.** Ef menn snúa nafninu **Dóróthea** við, verður það náttúrlega **Theódóra.**

Elín, úr grísku, merkir „sólbjört", sbr. gríska sólguðinn **Helios.** Þetta nafn er til í fjölmörgum öðrum gerðum, svo sem **Helena, Ellen** og **Elinóra.** Mikið sólskin er yfir kvæðisheiti Steins Steinars: Elín Helena.

Elísabet, komið úr hebresku. Ágreiningur er um nákvæma þýðingu, enda oft ærið erfitt að þýða hebresk nöfn nema með heilum setningum. Hér sættast menn helst á „sú sem tignar guð". Urmull gælunafna hefur orðið til, svo sem **Elsa, Beta, Lísbet** og **Lissý.**

Þegar Haraldur harðráði Sigurðsson (d. 1066) giftist gerskri konu sem Elísabet hét, þóknaðist þegnum hans norskum að breyta drottningarnafninu í Ellisif, fannst það hljóma betur. Það kvenmannsnafn tíðkaðist á Íslandi á öldum áður.

Eva, komið úr hebresku, merkir „líf".

Íris, úr grísku, táknar regnbogann.

Katrín, einnig komið úr grísku = hrein, ósnortin. Aukagerðir m.a. **Karen** og **Tri** (sem reyndar hefur ekki komist inn í íslensku).

Linda, spánsk fegurð.

Margrét, úr grísku og þýðir perla, alveg óskylt íslenska orðinu **mar** = sjór. Meðal óteljandi auknefna eru **Gréta** og **Rita.**

María, hebreskt að uppruna, sama nafnið og **Miriam,** en svo hét systir Arons, sjá 2. Mósebók (Exodus). Mikill ágreiningur er um skýringar, en einna helst sættast menn á þýðinguna „uppreisn, biturleiki".

Rakel, einnig úr hebresku og merkir ær, „tákn blíðu", stendur skrifað. Ekki hikuðu forfeður okkar við að skíra Hrút.

Rut, hebreskt, en mikil óvissa um merkingu, gæti táknað fegurð (eða hjarðmey?).

Regína, það er ómenguð latína og merkir drottning.

Sara, hebreskt, merkir prinsessa. Kona Abrahams var nefnd **Sarai.** Englendingar nota af þessu gælunafnið **Sally** .

Sandra, stytting úr **Alexandra,** það er kvengerðin af gríska nafninu **Alexander,** sem merkir hjálparmaður.

Soffía, komið úr grísku og merkir „viska, speki", algengt í samsetningum fræðiheita, svo sem **philosophy.** Gælunafn af **Soffía** er **Sonja.**

Súsanna, komið úr hebresku og er heiti á blóminu **lilja.**

Telma (Thelma), grískt, en skýrt á fleiri vegu en einn. Einna helst koma menn sér saman um þýðinguna „sú sem hjúkrar, veitir umönnun". Björgvin Guðmundsson tónskáld, sem lengi bjó í Ameríku, skírði dóttur sína Önnu, Margrétu, **Þelmu.**

Tekla (Thekla), komið úr grísku sömuleiðis og talið merkja „guðleg frægð".

Úrsúla, komið úr latínu. Björninn heitir á því máli **Ursus.** Samkvæmt þessu merkir Úrsúla „litla birna".

Vera, ómenguð latína = sönn.

★

Þegar hér er komið skriftum, sér umsjónarmaður þann kost vænstan að fresta allri umfjöllun um erlend karlanöfn í íslensku þar til síðar. Þess í stað verður hér leitast við að svara spurningu, sem borist hefur, og er um það hvers vegna **orðstír** beygist ekki eins og mannanöfnin **Sigtýr** og **Valtýr.**

Mannanöfn, sem samsett eru með **-týr,** eru dregin af goðsnafninu **Týr.** Það merkir guð og beygðist **Týr,** um **Týr,** frá **Týr,** til **Týs.** R-ið er aðeins nefnifallsending, ekki stofnlægt (= hluti af stofninum). Mannanöfnin beygjast þá á sama veg.

En **orðstír** var í fornu máli **orðstírr.** Seinna r-ið var nefnifallsending, en hið fyrra stofnlægt og kemur því fram í öllum föllum. Beygingin skal því vera: **orðstír,** um **orðstír,** frá **orðstír,** til **orðstírs.** Menn geta sér góðan **orðstír.** Maðurinn naut þess **orðstírs** sem af honum fór.

Orðstír skiptis orðs- tír. Seinni hlutinn er til sem sjálfstætt orð og merkir einnig frægð. Löngun til frægðar heitir **tírar girnd** í gömlu kvæði. Tír(r) er skylt orðum eins og **tign, tindur, teinn** og gott ef ekki lýsingarorðinu **tær. Tír** okkar á að standa keikur og hreinn.

Tírsamur var sá maður kallaður sem stundaði á frægð og frama, en sjálfur guð með allan sinn góða orðstír var **tírsæll** í Guðmundar drápu Arasonar eftir Arngrím Brandsson ábóta (d. 1361).


Kári Eiríksson opnar sýningu á Kjarlvalsstöðum

KÁRI Eiríksson opnar sýningu á 72 olíumálverkum á Kjarvalsstöðum í dag. Verkin eru máluð á síðustu 6 árum.

Kári sagði í samtali við blaðamann Morgunblaðsins að nýjustu myndir hans á þessari sýningu væri myndröð sem hann hefur málað af landslagi. Hann var spurður að því hvort hann færi á staðinn til að gera uppkast eða mála.

„Nei, ég fer ekki á staðinn og mála, þá gæti ég alveg eins málað eftir myndvarpa" sagði hann. „Ég notfæri mér heldur áhrifin frá landslaginu og vinn úr þeim. Áhrifin í þessum myndum eru frá landslagi á Suðurlandi. Ég nota mikið einn grunntón í myndum mínum og nota síðan sterkan lit, eða sterka liti, punkt eða línu, til áherslu. Þetta er yfirleitt örlítill punktur eða örmjó lína, en mér finnst þetta gefa myndunum flug. Ég hef einnig gert nokkuð af því að mála „seríur" eða myndraðir. Hér á sýningunni er til dæmis myndröð, og er grunntónninn í öllum myndunum í þessari myndröð grænn. Það spurði mig einhver nýlega að því hvort ég yrði með myndröð á þessari sýningu"

Kári Eiríksson er vestfirðingur. Hann segist vera búinn að skila sínu á sjónum. „Ég hef orðið fyrir áhrifum frá sjónum" sagði Kári. „Þau birtast til dæmis í bátamyndum hans. En hér er einnig sveitahorn og ýmislegt fleira".



Kári Eiríksson við mynd sína Rok. Morgunblaðið/Ól.K.M.

Kári hefur haldið fjórar einkasýningar erlendis. Þetta er sjötta málverkasýning hans hér heima. Fyrst sýndi hann í Listamannaskálanum við Kirkjustræti árið 1959. Hann var fyrstur manna til að sýna á Kjarvalsstöðum þegar þeir voru opnaðir árið 1973. Kári hélt síðast málverkasýningu árið 1979, en þá sýndi hann einnig á Kjarvalsstöðum.

Sýningu Kára lýkur 19. maí n.k. Hún er opin daglega frá kl. 14.00 til 22.00.